

## MINNISBLAÐ

### SKJALALYKILL

100718-MIN-001-V01

### DAGS.

11.12.2023

### SENDANDI

Magnús J. Guðmundsson

### VERKHEITI

Laugarnesskóli - rakaskimun

### VERKKAUPI

Reykjavíkurborg - eignasjóður

### DREIFING

Ragnar Pálsson, verkefnastjóri viðhalds fasteigna (RVK)

### MÁLEFNI

Varðandi DNA sýnatöku í Laugarnesskóli, stofu 9. Minnisblað þetta tekur á og fjallar um DNA sýnatöku og niðurstöður þeirra. Sýnataka fór fram 27.11.2023. Sýnin eru send erlendis í greiningu hjá House Test.

## Inngangur

Að beiðni Ragnars Pálssonar, f.h. Reykjavíkurborgar, var óskað eftir sýnatöku í stofu 9 í Laugarnesskóla vegna athugasemda notenda skólans.

## Almennt um DNA sýnatökur

DNA sýni eru ryksýni sem eru tekin ofan af hurðarkörmum eða yfirborðsflötum þar sem ekki er þrifið að jafnaði eða reglulega. Ryki er þá safnað í strokpinna eftir leiðbeiningum frá HouseTest og síðan eru þau send til raðgreiningar hjá rannsóknarstofu þeirra í Danmörku. Í skýrslunni frá HouseTest kemur fram hvaða tegundir mátti greina í rykinu og í hvaða magni. Niðurstöðurnar frá þeim fylgja með í viðauka en hér að neðan er yfirlit yfir helstu niðurstöður.




MYND 1 DNA strokpinni.

Hjá HouseTest er notast við skala frá **A – F** og litakóða til að lýsa niðurstöðum hvers sýnis. **A** merkir að lítið magn gróa og svepphluta hafi greinst í sýni, en hins vegar geta mögulega greinst mjög rakasæknar tegundir í litlu magni í A-sýni sem gefur til kynna að rakaskemmdir séu til staðar í húsnæðinu. **F** merkir aftur á móti að mikið magn gróa og svepphluta hafi fundist í ryki og að alvarlegar rakaskemmdir séu til staðar.



## Sýnataka í Laugarnesskóli, stofa 9

Tekið var eitt (1) DNA ryksýni í stofu 9 í Laugarnesskóla. Staðsetningu sýnatöku má sjá á teikningu hér á næstu síðu.



**MYND 2** Önnur hæð í Laugarnesskóla, stofa 9. Staðsetning sýnatöku ofan af hurðakarmi.

### Niðurstöður sýnatöku í Laugarnesskóla

Í töflunni hér að neðan má sjá helstu niðurstöður DNA ryksýningagreiningar hjá House Test.

**TAFLA 1** Niðurstöður DNA sýnatöku

NR.	DAGSETNING	RAÐNR.	STAÐSETNING	LÝSING	NIÐURSTAÐA
1	27.11.23	145	Stofa 9	Hurðarkarmur	A

Niðurstöður sýnagreiningar gefa til kynna að sá hluti hússins sem skoðaður var sé ekki rakaskemmdur.

Öll mæligildi í sýninu teljast innan eðlilegra marka.

### Tillögur

Eins og áður hefur komið fram er töluverð lykt frá nýrri byggingarefnum ásamt miklu ljósaflokti á lampabúnaði. Bæði þessi atriði geta haft áhrfi á líðan starfsfólks og notenda rýmisins. Lagt er til að skoða skipti á lampabúnaði og halda áfram reglulegum þrifum.